

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/2102

2021/EES/34/01

frá 26. október 2016

um aðgengi vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir fartæki (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þróunin í átt að stafrænu samfélagi veitir notendum nýjar leiðir til aðgangs að upplýsingum og þjónustu. Upplýsinga- og þjónustuveitendur, t.d. opinberir aðilar, nota Netið í auknum mæli til að framleiða, safna og veita almenningi aðgang að margvíslegum nauðsynlegum upplýsingum og þjónustu á netinu.
- 2) Í tengslum við þessa tilskipun ætti að skilja „aðgengi“ sem meginreglur og tækni sem ber að fylgja í tengslum við hönnun, gerð, viðhald og uppfærslu á vefsetrum og smáforritum fyrir fartæki (e. *mobile applications*) til þess að gera þau aðgengilegri fyrir notendur, sérstaklega fatlað fólk.
- 3) Hinn ört vaxandi markaður sem miðar að bættu aðgengi að stafrænum framleiðsluvörum og þjónustu samanstendur af margvíslegum rekstraraðilum, t.d. aðilum sem þróa vefsetur eða hugbúnaðartól til að skapa, stjórna og prófa vefsíður eða smáforrit fyrir fartæki, aðilum sem þróa aðgangsförrið (e. *user agents*) á borð við vefvafra og tilheyrandi hjálpartækni (e. *assistive technologies*), aðilum sem framkvæma vottunarþjónustur og aðilum sem veita þjálfun.
- 4) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 19. maí 2010 sem ber yfirskriftina „Stafræn áætlun fyrir Evrópu“ var lögð áhersla á að opinber yfirvöld ættu að taka þátt í að efla markaði fyrir efni á netinu. Ríkisstjórnir geta örvað markaði fyrir efni með því að gera upplýsingar frá hinu opinbera aðgengilegar samkvæmt skilmálum sem eru gagnsærir, skilvirkir og án mismununar. Þetta er mikilvægur þáttur í mögulegum vexti í nýjungum í netþjónustu (e. *online services*).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 327, 2.12.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 271, 19.9.2013, bls. 116.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 26. febrúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 18. júlí 2016 (hefur ekki enn verið birt í Stjórnartíðindunum). Afstaða Evrópuþingsins frá 25. október 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

- 5) Nokkur aðildarríki hafa samþykkt ráðstafanir á grundvelli viðmiðunarreglna sem notaðar eru á alþjóðavísu fyrir hönnun á aðgengilegum vefsetrum, en þessar ráðstafanir tengjast oft mismunandi útgáfum eða mismiklu samræmi við þessar viðmiðunarreglur eða hafa leitt til tæknilegs mismunar að því er varðar aðgengileg vefsetur á landsvísu.
- 6) Veitendur aðgengilegra vefsetra, smáforrita fyrir fartæki og tilheyrandi hugbúnaðar og tækni eru að miklu leyti lítil og meðalstór fyrirtæki. Slíkir veitendur, þá sérstaklega lítil og meðalstór fyrirtæki, eru hvattir til að stunda aðeins viðskipti á markaði í heimalandi sínu. Mismunandi forskriftir og reglur milli aðildarríkjanna að því er varðar aðgengi hamlar samkeppnishæfni og vöxt veitenda vegna þess viðbótarkostnaðar sem þeir yrðu fyrir við þróun og markaðssetningu yfir landamæri á framleiðsluvörum og þjónustu sem tengjast vefaðgengi.
- 7) Vegna takmarkaðrar samkeppni standa kaupendur vefsetra, smáforrita fyrir fartæki og tengdra vara og þjónustu frammi fyrir háu verði að því er varðar veitingu þjónustu eða verða háðir einum veitanda. Veitendur kjósa oft útfærslur af „stöðlum“ í eigu fyrirtækja, sem takmarkar síðan samvirkni aðgangsforrita og aðgangs að efni vefsetra og smáforrita fyrir fartæki í öllu Sambandinu. Sundurleitni milli landsbundinna reglna dregur úr þeim ávinningi sem gæti fengist með því að deila reynslu með landsbundnum og alþjóðlegum jafningjum í því skyni að aðlagast samfélagslegri og tæknilegri þróun.
- 8) Með því að koma á samræmdum regluramma ætti fyrirtæki, sem hanna og þróa vefsetur og smáforrit fyrir fartæki, að standa frammi fyrir færri hindrunum á innri markaðnum á sama tíma og kostnaður fyrir opinbera aðila og aðra sem kaupa vörur og þjónustu, sem varða aðgengi vefsetra og smáforrita fyrir fartæki, ætti að lækka.
- 9) Þessi tilskipun miðar að því að tryggja að vefsetur opinberra aðila og smáforrit þeirra fyrir fartæki séu gerð aðgengilegi á grundvelli sameiginlegra aðgengiskrafna. Til að binda enda á uppskiptingu innri markaðarins er nauðsynlegt að samræma landsráðstafanir á vettvangi Sambandsins á grundvelli samþykkræra aðgengiskrafna að því er varðar vefsetur opinberra aðila og smáforrit þeirra fyrir fartæki. Þetta myndi draga úr óvissu fyrir forritara og stuðla að rekstrarsamhæfi. Beiting aðgengiskrafna, sem eru tæknilega hlutlausar, mun ekki hamla nýsköpun og gæti jafnvel örvað hana.
- 10) Samræming á landsráðstöfunum ætti einnig að gera opinberum aðilum og fyrirtækjum í Sambandinu kleift að fá efnahagslegan og félagslegan ávinning af því að bjóða fleiri borgurum og viðskiptavinum upp á net- eða farþjónustu. Þetta ætti að auka möguleika innri markaðarins fyrir vörur og þjónustu sem varða aðgengi vefsetra og smáforrita fyrir fartæki. Markaðsvöxturinn sem af þessu leiðir ætti að gera fyrirtækjum kleift að stuðla að hagvexti og atvinnusköpun innan Sambandsins. Styrking innri markaðarins ætti að gera fjárfestingar í Sambandinu fýsilegri. Opinberir aðilar myndu njóta góðs af ódýrari vörum og þjónustu sem tengjast vefaðgengi.
- 11) Borgarar myndu njóta góðs af greiðara aðgengi að þjónustu opinberra aðila gegnum vefsetur og smáforrit fyrir fartæki og myndu fá þjónustu og upplýsingar sem auðvelda daglegt líf þeirra og gera þeim kleift að njóta réttar síns í öllu Sambandinu, sérstaklega réttinn til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði Sambandsins, staðfesturéttinn og frelsi til að veita þjónustu.
- 12) Með fullgildingu og gerð samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem samþykktur var 13. desember 2006 („samningur Sameinuðu þjóðanna“), hefur meirihluti aðildarríkjanna og Sambandið skuldbundið sig til að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fatlað fólk hafi aðgang, til jafns við aðra, að m.a. upplýsinga- og fjarskiptatækni og -kerfum, til að þróa, koma á framfæri og vakta framkvæmd lágmarksstaðla og leiðbeininga um aðgengi að aðstöðu og þjónustu, sem er opin eða veitt almenningi, og til að stuðla að aðgangi fatlaðs fólks að nýrri upplýsinga- og fjarskiptatækni og -kerfum, m.a. Netinu, og hafa skuldbundið sig til að láta hjá líða að aðhafast nokkuð um það sem fer í bága við þann samning og til að sjá til þess að opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans. Í samningi Sameinuðu þjóðanna er einnig mælt fyrir um að hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlaða og þjónustu ætti að tryggja að allir geti nýtt sér þessa hluti, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að þörf sé á breytingu eða sérhæfðri hönnun. Slík „algild hönnun“ ætti ekki að útiloka hjálpartæki fyrir tiltekna hópa fatlaðs fólks, sé þeirra þörf. Samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna telst fatlað fólk vera þeir sem eru líkamlega, andlega eða vitsmunalega skertir eða sem hafa skerta skynjun til frambúðar sem kann, ásamt öðrum tálum, að koma í veg fyrir fulla og virka þátttöku þeirra í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli.

- 13) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 15. nóvember 2010 undir yfirskriftinni „Stefna Evrópusambandsins í málefnum fatlaðs fólks 2010-2020: endurnýjuð skuldbinding um Evrópu án hindrana“ byggir á samningi Sameinuðu þjóðanna og miðar að því að ryðja úr vegi tálum sem hindra fatlað fólk í að taka þátt í samfélaginu á jöfnum grundvelli. Í henni er kveðið á um aðgerðir sem grípa á til á nokkrum forgangssviðum, þ.m.t. aðgengi að upplýsinga- og fjarskiptatækni og -kerfum, og markmið hennar er að tryggja aðgengi fatlaðs fólks að vörum, þjónustu (þ.m.t. opinberri þjónustu) og hjálpartækjum.
- 14) Í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 ⁽¹⁾ og (ESB) nr. 1304/2013 ⁽²⁾ eru ákvæði um aðgengi að upplýsinga- og fjarskiptatækni. Í þeim er hins vegar ekki fjallað um sértæka þætti í tengslum við aðgengi vefsetra og smáforrita fyrir fartæki.
- 15) Áætlunin Horizon 2020 — rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 ⁽³⁾, styður við rannsóknir og þróun tæknilausna við vandamálum sem varða aðgengi.
- 16) Í orðsendingu sinni frá 15. desember 2010 sem ber yfirskriftina „Evrópska aðgerðaáætlunin um rafræna stjórnsýslu 2011-2015 — nýting upplýsinga- og fjarskiptatækni til að stuðla að hugvitsamri, sjálfbærri og nýskapandi stjórnsýslu“ kallaði framkvæmdastjórnin eftir aðgerðum til að þróa rafræna stjórnsýsluþjónustu sem tryggir öllum aðild og aðgengi. Þetta felur í sér ráðstafanir til að minnka bilið að því er varðar notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni og að stuðla að notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni til að vinna gegn útilokun, sem tryggir að allir notendur geti nýtt sem best þá möguleika sem bjóðast. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 19. apríl 2016 sem ber yfirskriftina „Aðgerðaáætlun ESB um rafræna stjórnsýslu 2016-2020 — að hraða stafrænni umbreytingu stjórnsýslu“ itrekar framkvæmdastjórnin mikilvægi þess að veita öllum aðild og aðgengi.
- 17) Í Stafrænu áætluninni fyrir Evrópu tilkynnti framkvæmdastjórnin að vefsetur þess opinbera ættu að vera fyllilega aðgengileg fyrir árið 2015, sem endurspeglar Ríga-ráðherrayfirlýsinguna frá 11. júní 2006.
- 18) Í Stafrænu áætluninni fyrir Evrópu lagði framkvæmdastjórnin áherslu á að samstilltar aðgerðir væru nauðsynlegar til að tryggja að nýtt rafrænt efni væri að fullu aðgengilegt fötluðu fólki, til þess að veita Evrópubúum betri lífsgæði með t.d. auðveldara aðgengi að opinberri þjónustu og menningarlegu efni. Í áætluninni er einnig hvatt til þess að greitt verði fyrir samkomulagi um aðgang fatlaðs fólks að stafrænni tækni.
- 19) Innihald vefsetra og smáforrita fyrir fartæki er m.a. upplýsingar bæði á textaformi og án texta, skjöl og eyðublöð sem unnt er að hala niður, og tvíátta gagnvirkni, t.d. úrvinnsla stafrænna eyðublaða og framkvæmd sannvottunar-, auðkenningar- og greiðsluferla.
- 20) Aðgengiskröfurnar, sem settar eru fram í þessari tilskipun, ættu hvorki að gilda um efni, sem mun einungis vera aðgengilegt í fartækjum, né heldur um aðgangsförrið fyrir fartæki, sem eru þróuð fyrir lokaða notendahópa eða fyrir sérstaka notkun í tilteknu umhverfi og sem eru hvorki tiltæk né notuð af stórum hluta almennings.
- 21) Tilskipun þessi hefur hvorki áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB ⁽⁴⁾, einkum 42. gr., né á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB ⁽⁵⁾, einkum 60. gr., þar sem þess er krafist að í öllum innkaupum sem ætluð eru til nota fyrir einstaklinga, hvort sem um er að ræða almennig eða starfsfólk samningsyfirvaldsins, skulu tækniforskriftir samdar þannig að tekið sé tillit til viðmiðana um aðgengi fyrir fatlað fólk eða hönnun fyrir alla notendur, nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginleg ákvæði um Byggingaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu og Samheldnisjóðinn, Dreifibýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar, Sjávarútvegssjóð Evrópu og um almenn ákvæði um Byggingaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu, Samheldnisjóðinn og Sjávarútvegssjóð Evrópu og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1083/2006 (Stjtið ESB L 347, 20.12.2013, bls. 320).

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1304/2013 frá 17. desember 2013 um Félagsmálasjóð Evrópu og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1081/2006 (Stjtið ESB L 347, 20.12.2013, bls. 470).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót Horizon 2020 — rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014-2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1982/2006/EB (Stjtið ESB L 347, 20.12.2013, bls. 104).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (Stjtið ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65).

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjtið ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

- 22) Í ljósi skorts á sjálfvirkum eða skilvirkum og notendavænum aðferðum til að gera ákveðnar tegundir af útgefnu efni aðgengilegar, sem og til þess að takmarka gildissvið þessarar tilskipunar við efni vefsetra og smáforrita fyrir fartæki, sem eru í reynd undir stjórn opinberra aðila, er í þessari tilskipun kveðið á um að ákveðnar tegundir efnis á vefsetrum eða í smáforritum fyrir fartæki hljóti tímabundna eða varanlega undanþágu frá gildissviði hennar. Endurskoða ætti þessar undanþágur í tengslum við endurskoðunina á þessari tilskipun í ljósi tækniframfara í framtíðinni.
- 23) Réttur fatlaðs fólks og aldraðra til að taka þátt í og vera hluti af félags- og menningarlífi í Sambandinu er órjúfanlega tengdur framboði á aðgengilegri hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. Þann rétt mætti þó þróa enn betur innan ramma geirabundinna löggjafar Sambandsins eða löggjafar þar sem lögð er áhersla á aðgengi, sem gildir einnig um einkaaðila í útvarpsrekstri, til þess að tryggja sanngjörn samkeppnisskilyrði með fyrirvara um þá almannahagsmuni sem hljóð- og myndmiðlunarþjónusta á að þjóna. Af þessum sökum ætti þessi tilskipun ekki að gilda um vefsetur útvarpsrekenda í almannaðágu og smáforrit þeirra fyrir fartæki.
- 24) Ekkert í þessari tilskipun er ætlað að takmarka það tjáningarfrelsi eða frelsi og fjölhyggju fjölmiðla sem Sambandið og aðildarríkin tryggja þeim, einkum skv. 11. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálinn um grundvallarréttindi“).
- 25) Sum frjáls félagasamtök, sem eru sjálfboðaliðasamtök með sjálfstjórn og komið er á fót til þess að ná markmiðum öðrum en að skila hagnaði, veita þjónustu sem er ekki nauðsynleg almenningi, s.s. þjónustu sem er ekki veitt samkvæmt beinum fyrirmælum frá ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum eða þjónustu þar sem ekki er komið sérstaklega til móts við þarfir fatlaðs fólks, og gætu fallið innan gildissviðs þessarar tilskipunar. Til að komast hjá því að leggja óhóflega byrði á slík frjáls félagasamtök ætti þessi tilskipun ekki að gilda um þau.
- 26) Skráarsnið fyrir skrifstofur ætti að skilja sem skjöl sem eru ekki fyrst og fremst ætluð til nota á vefnum en eru hluti af vefsíðum, s.s. Adobe Portable Document Format (PDF), Microsoft Office-skjöl, eða jafngildi þeirra (með opnum hugbúnaði (e. *open source*)).
- 27) Hljóð- og/eða myndefni sem er streymt beint (e. *live time-based media*), sem er geymt á Netinu eða endurbirt eftir beinu útsendinguna, ætti, án ástæðulausrar tafar, að teljast áður upptekið hljóð- og/eða myndefni (e. *pre-recorded time-based media*) frá þeim degi sem efnið var fyrst sent út eða endurbirt, án þess að farið sé yfir þann tíma sem nauðsynlegur er til að gera efnið aðgengilegt þar sem nauðsynlegar upplýsingar varðandi heilsu, velferð og öryggi almennings eru í forgangi. Þetta nauðsynlega tímabil ætti að jafnaði ekki að vera lengra en 14 dagar. Í rökstuddum tilvikum s.s. þegar ómögulegt er að kaupa viðeigandi þjónustu innan tiltekins tíma má framlengja þetta tímabil um eins skamman tíma og nauðsynlegur er til að gera efnið aðgengilegt.
- 28) Með þessari tilskipun eru opinberir aðilar hvattir til að gera allt efni aðgengilegt en markmið hennar er ekki að takmarka efnið, sem opinberir aðilar setja á vefsetur sín eða í smáforrit sín fyrir fartæki, við aðgengilegt efni eingöngu. Þegar bætt er við efni, sem er ekki aðgengilegt, ættu opinberir aðilar, að því marki sem það er mögulegt, að bæta við öðrum aðgengilegum valkostum á vefsetur sín eða í smáforrit sín fyrir fartæki.
- 29) Þegar kort eru ætluð til leiðsögu en ekki sem landfræðileg lýsing geta aðgengilegar upplýsingar verið nauðsynlegar til að hjálpa einstaklingum, sem geta ekki notað sjónrænar upplýsingar eða flókna leiðsöguvirkni á tilhlýðilegan hátt, t.d. til að staðsetja húsnæði eða svæði þar sem þjónustur eru veittar. Því ætti að bjóða upp á aðgengilegan valkost, s.s. pósthöng og nærliggjandi biðstöðvar fyrir almenningssamgöngur eða heiti staða eða svæða, sem opinberi aðilinn hefur oft þegar aðgang að, á formi sem er einfalt og læsilegt fyrir flesta notendur.
- 30) Innfellt efni, t.d. innfelldar myndir eða myndbönd, ætti að falla undir þessa tilskipun. Vefsetur og smáforrit fyrir fartæki eru þó stundum hönnuð þannig að síðar megi bæta við viðbótarefni, t.d. tölvupóstforriti, bloggi, grein sem leyfir notendum að skrifa athugasemdir, eða forritum sem styðja efni sem notendur senda inn. Annað dæmi myndi vera síða, eins og vefgátt eða fréttavefsíða, sem samanstendur af efni sem safnað er frá mörgum efnishöfundum, eða vefsetur sem bæta sjálfkrafa og með reglulegu millibili við efni frá öðrum heimildum, eins og þegar auglýsingum er bætt við með virkum hætti. Slíkt efni frá þriðja aðila ætti að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar, að því tilskildu að það sé hvorki fjármagnað né þróað af hálfu viðkomandi opinbers aðila né undir hans stjórn. Að meginreglu til ætti ekki að nota slíkt efni ef það hindrar eða minnkar virkni opinberu þjónustunnar sem í boði er á viðkomandi vefsetri eða í

viðkomandi smáforriti fyrir fartæki. Efni vefsetra opinberra aðila eða smáforrita þeirra fyrir fartæki, sem þeir nota til að halda viðræðufundi eða til að skipuleggja umræður á málþingum, getur ekki talist efni þriðja aðila og ætti því að vera aðgengilegt, nema ef um er að ræða efni sem sent er inn af notanda sem er ekki undir stjórn viðkomandi opinbers aðila.

- 31) Tilteknar aðgengiskröfur fyrir vefsetur eða smáforrit fyrir fartæki skulu áfram uppfylltar að því er varðar lýsigögn sem tengjast eftirgerðum muna úr söfnum menningarverðmæta.
- 32) Í þessari tilskipun ætti þó ekki að gera kröfu um að aðildarríkin geri efni á safnvistuðum vefsetrum eða smáforritum fyrir fartæki aðgengilegt ef efnið er ekki lengur uppfært eða leiðrétt og ef það er ekki nauðsynlegt fyrir framkvæmd stjórnsýslumeðferða. Að því er þessa tilskipun varðar ætti viðhald, sem er eingöngu tæknilegs eðlis, ekki að teljast samsvara uppfærslu eða leiðréttingu á vefsetri eða smáforriti fyrir fartæki.
- 33) Mikilvæg umsýsluþjónusta á Netinu (e. *essential online administrative functions*) á vegum skóla, leikskóla eða dagheimila skal gerð aðgengileg. Ef þetta nauðsynlega efni er veitt á öðru vefsetri með aðgengilegum hætti ætti ekki að vera þörf á að gera það einnig aðgengilegt á vefsetri viðkomandi stofnunar.
- 34) Aðildarríkjum ætti að vera heimilt að rýmka gildissvið þessarar tilskipunar þannig að hún nái til annarra gerða vefsetra og smáforrita fyrir fartæki, þá sérstaklega vefsetra og smáforrita fyrir fartæki sem eru á innra neti eða gestaneti, sem falla ekki undir þessa tilskipun en eru hönnuð fyrir og notuð af takmörkuðum fjölda einstaklinga á vinnustaðnum eða við kennslu, og að viðhalda eða innleiða ráðstafanir í samræmi við lög Sambandsins sem ganga lengra en lágmarkskröfurnar um aðgengi fyrir vefsetur og smáforrit fyrir fartæki. Einnig ætti að hvetja aðildarríkin til að rýmka gildissvið þessarar tilskipunar þannig að hún nái til einkaaðila sem bjóða fram aðstöðu og þjónustu, sem er almenningi opin eða sem veitt er almenningi, þ.m.t. á sviði heilbrigðisþjónustu, dagvistunar barna, félagslegrar aðildar og félagslegs öryggis, en einnig á sviði flutningastarfsemi og þjónustu fyrir rafmagn, gas, hita, vatn og rafræn samskipti ásamt pósthjónustu, þar sem sérstakri athygli er beint að þeirri þjónustu sem um getur í 8.-13. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.
- 35) Þótt þessi tilskipun gildi ekki um vefsetur stofnana Sambandsins og smáforrit þeirra fyrir fartæki eru þær stofnanir hvattar til að fara að aðgengiskröfunum sem settar eru fram í þessari tilskipun.
- 36) Aðgengiskröfunum, sem settar eru fram í þessari tilskipun, er ætlað að vera tæknilega hlutlausar. Þær lýsa því sem þarf til að tryggja að notandinn geti skynjað, notað, túlkað og skilið vefsetur, smáforrit fyrir fartæki og tengt efni. Í þeim er ekki tilgreint hvaða tækni ætti að velja fyrir tiltekið vefsetur, tilteknar upplýsingar á netinu eða tiltekið smáforrit fyrir fartæki. Á þann hátt hindra þær ekki nýsköpun.
- 37) Meginreglurnar fjórar um aðgengi (e. *principles of accessibility*) eru: skynjanleiki (e. *perceivability*), sem þýðir að upplýsingar og notendaviðmótspættir verða að vera þannig að notendur geti skynjað þau; nothæfi (e. *operability*), sem þýðir að notendaviðmótspættir og leiðsögukerfi (e. *navigation*) verða að vera nothæf; skiljanleiki (e. *understandability*), sem þýðir að upplýsingar og notkun á notendaviðmóti verða að vera skiljanleg, og traustleiki (e. *robustness*), sem þýðir að efni þurfi að vera nógu traust til þess að margvísleg aðgangsforrit, þ.m.t. hjálpartækni, geti túlkað það með áreiðanlegum hætti. Þessum meginreglum um aðgengi er breytt í árangursviðmið sem hægt er að prófa, t.d. þau sem mynda grunninn að Evrópustaðli EN 301 549 V1.1.2 „Aðgengiskröfur sem viðeigandi eru til nota við opinber innkaup á vörum og þjónustu á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT) í Evrópu“ (Accessibility requirements suitable for public procurement of ICT products and services in Europe) (2015-04) (Evrópustaðall EN 301 549 V1.1.2 (2015-04)), með notkun á samhæfðum stöðlum og sameiginlegri aðferðafræði til að prófa hvort efni á vefsetrum og í smáforritum fyrir fartæki sé í samræmi við þessar meginreglur. Sá Evrópustaðall var samþykktur á grundvelli umboðs M/376, sem framkvæmdastjórnin veitti evrópskum staðlofstofnunum. Þar til búið er að birta tilvísanirnar í samhæfða staðla, eða hluta þeirra, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ætti að líta á viðeigandi ákvæði í Evrópustaðli EN 301 549 V1.1.2 (2015-04) sem lágmarksaðferð til að koma þessum meginreglum í framkvæmd.
- 38) Ef aðgengiskröfurnar, sem settar eru fram í þessari tilskipun, eiga ekki við mun kráfan um „viðeigandi aðlögun“ í samræmi við tilskipun ráðsins 2000/78/EB ⁽¹⁾, samning Sameinuðu þjóðanna og aðra viðeigandi löggjöf áfram gilda og ætti að gera slíka aðlögun þegar þörf er á, sérstaklega á vinnustöðum og við kennslu.

(1) Tilskipun ráðsins 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000 um almennan ramma um jafna meðferð með tilliti til atvinnu og starfa (Stjtíð. ESB L 303, 2.12.2000, bls.16).

- 39) Opinberir aðilar ættu að beita aðgengiskröfunum, sem settar eru fram í þessari tilskipun, að því marki sem þær verði þeim ekki óhófleg byrði. Þetta þýðir að í rökstuddum tilvikum getur verið að það sé ekki mögulegt fyrir opinberan aðila að gera tiltekið efni aðgengilegt að fullu. Þessi opinberi aðili ætti samt að gera þetta efni eins aðgengilegt og hægt er og gera annað efni að fullu aðgengilegt. Undanþágur frá hlífni við aðgengiskröfurnar vegna þeirra óhóflegra byrða sem þær hafa í för með sér ættu ekki að ganga lengra en ítrasta nauðsyn krefur til þess að takmarka þessa byrði að því er varðar viðkomandi efni í hverju tilviki fyrir sig. Líta ætti svo á að ráðstafanir, sem myndu skapa óhóflega byrði, séu ráðstafanir sem myndu leggja óhóflega skipulagslega eða fjárhagslega byrði á opinberan aðila eða myndu stofna í hættu getu aðilans til að annaðhvort þjóna tilgangi sínum eða birta upplýsingar sem eru nauðsynlegar eða skipta máli með tilliti til verkefna hans og þjónustu, að teknu tilliti til líklegs ábata eða skaða gagnvart borgurum, þá sérstaklega fötluðu fólki. Einungis ætti að taka tillit til lögmætra ástæðna þegar metið er að hvaða marki ekki er hægt að uppfylla aðgengiskröfurnar sökum þess að þær myndu leiða til óhóflegra byrða. Skortur á forgangsroðun, tíma eða þekkingu ættu ekki að teljast lögmætar ástæður. Sömuleiðis ættu ekki að vera neinar lögmætar ástæður fyrir því að kaupa ekki inn eða þróa hugbúnaðarkerfi til að stjórna efni á vefsetrum og í smáforritum fyrir fartæki á aðgengilegan hátt, í ljósi þess að það er til fullnægjandi og ráðgefandi tækni til að sjá til þess að þessi kerfi uppfylli aðgengiskröfurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun.
- 40) Samvirkni að því er varðar aðgengi ætti að miða að því að tryggja að efni samrýmist núverandi og síðari aðgangsforritum og hjálpartækni. Nánar tiltekið ætti efni vefsetra og smáforrita fyrir fartæki að láta aðgangsforritum í té sameiginlega innri kóðun á náttúrulegu tungumáli, efnisskipunum, tengingum og runum, ásamt gögnum úr öllum innfelldum notendaviðmótsþáttum. Samvirkni er því gagnleg fyrir notendur því hún gerir þeim kleift að nota aðgangsforrit sín hvar sem er til að fá aðgang að vefsetrum og smáforritum fyrir fartæki auk þess sem þeir geta notið góðs af meira úrvali og lægra verði í öllu Sambandinu. Samvirkni myndi einnig gagnast söluaðilum og kaupendum vara og þjónustu að því er varðar aðgengi vefsetra og smáforrita fyrir fartæki.
- 41) Í þessari tilskipun er mælt fyrir um aðgengiskröfur fyrir vefsetur opinberra aðila og smáforrit þeirra fyrir fartæki. Til þess að auðvelda samræmi slíkra vefsetra og smáforrita fyrir fartæki við þessar kröfur er nauðsynlegt að kveða á um fyrirframætlað samræmi viðkomandi vefsetra og smáforrita fyrir fartæki sem uppfylla samhæfða staðla eða hluta þeirra sem hafa verið samdir og birtir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ⁽¹⁾, í þeim tilgangi að setja fram nákvæmar skilgreiningar í tengslum við þær kröfur. Samkvæmt þeirri reglugerð ættu aðildarríki og Evrópuþingið að geta andmælt samhæfðum stöðlum sem fullnægja ekki, að þeirra mati, að öllu leyti aðgengiskröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
- 42) Evrópsku staðlastofnanirnar hafa samþykkt Evrópustaðal EN 301 549 V1.1.2 (2015-04) þar sem tilgreindar eru hagnýtar aðgengiskröfur fyrir upplýsinga- og fjarskiptatæknivörur og -þjónustur, þ.m.t. vefefni, sem unnt er að nota fyrir opinber innkaup eða til að styðja aðrar stefnur og löggjöf. Fyrirframætlað samræmi við aðgengiskröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, ætti að byggjast á ákvæðum 9, 10 og 11 í Evrópustaðli EN 301 549 V1.1.2 (2015-04). Í tækniforskriftum, sem eru samþykktar á grundvelli þessarar tilskipunar, ætti að vera nánari lýsing á Evrópustaðli EN 301 549 V1.1.2 (2015-04) í tengslum við smáforrit fyrir fartæki.
- 43) Í tækniforskriftunum og stöðlunum sem eru þróuð í tengslum við aðgengiskröfurnar, sem settar eru fram í þessari tilskipun, ætti ennfremur að taka tillit til sértæki fartækja út frá huglægum og tæknilegum sjónarmiðum.
- 44) Opinberir aðilar ættu að leggja fram yfirlýsingu um aðgengi þar sem fram kemur að vefsetur þeirra og smáforrit fyrir fartæki uppfylli aðgengiskröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Í þessari aðgengisyfirlýsingu ætti að tilgreina, eftir því sem við á, þá aðgengilegu valkosti sem í boði eru.
- 45) Hægt er að nálgast smáforrit fyrir fartæki með ýmsum leiðum, þ.m.t. í einkareknum hugbúnaðarverslunum. Áður en notendur hala niður smáforriti opinberra aðila fyrir fartæki frá þriðja aðila ættu þeir að fá upplýsingar um aðgengi viðkomandi smáforrits sem og lýsingu á smáforritinu. Þetta krefst þess ekki að stórir veitendur verkvanga breyti

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

fyrirkomulagi sínu á dreifingu hugbúnaðar, heldur leggur þetta frekar kröfu á opinbera aðila um að gera yfirlýsinguna um aðgengi tiltæka með fyrirbyggjandi tækni eða framtíðartækni.

- 46) Koma ætti á fót endurgjafarkerfi til að gera notendum kleift að láta viðkomandi opinberan aðila vita af því ef vefsetur eða smáforrit fyrir fartæki uppfyllir ekki þær aðgengiskröfur sem settar eru fram í þessari tilskipun og til að óska eftir þeim upplýsingum sem undanskildar eru. Slíkar beiðnir um upplýsingar geta varðað efni sem fellur utan gildissviðs þessarar tilskipunar eða er annars undanþegið því að þurfa að uppfylla aðgengiskröfurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun, t.d. skráarsnið fyrir skrifstofur, áður upptekið hljóð- og/eða myndefni eða efni safnvistaðra vefsetra. Með því að nota endurgjafarkerfið, sem tengist framfylgdarmálsmeðferð, ætti notendum vefsetra opinberra aðila eða smáforrita þeirra fyrir fartæki að vera fært að biðja um nauðsynlegar upplýsingar, þ.m.t. þjónustu og skjöl. Í kjölfar lögmætrar og réttmætrar beiðni ætti viðkomandi opinber aðili að veita upplýsingar á viðunandi og viðeigandi hátt innan hæfilegs tíma.
- 47) Aðildarríkin ættu að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að auka vitund um og stuðla að veflægum þjálfunaráætlunum sem tengjast aðgengi vefsetra og smáforrita fyrir fartæki meðal viðkomandi hagsmunaaðila og sérstaklega starfsfólks sem ber ábyrgð á aðgengi vefsetra og smáforrita fyrir fartæki. Hafa ætti samráð við viðkomandi hagsmunaaðila eða fá þá til að taka þátt í að undirbúa efni fyrir þjálfunaráætlanir og átak til vitundarvakningar um aðgengismál.
- 48) Mikilvægt er að aðildarríkin, í náinni samvinnu við framkvæmdastjórnina, stuðli að notkun höfundartóla sem geta tryggt betri framkvæmd þeirra aðgengiskrafna sem settar eru fram í þessari tilskipun. Slíkur stuðningur getur verið annaðhvort á hlutlausu formi, eins og að gefa út lista yfir samhaf höfundartól án þess að krefjast þess að þau tól séu notuð, eða á virku formi, eins og með kröfu um að nota samhaf höfundartól eða fjármagna þróun þeirra.
- 49) Til þess að tryggja rétta framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum framkvæmd reglnanna um samræmi við aðgengiskröfur, er afar mikilvægt að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin hafi reglulega samráð við viðkomandi hagsmunaaðila. Í skilningi þessarar tilskipunar ber að líta svo á að „viðkomandi hagsmunaaðilar“ taki til stofnana, sem koma fram fyrir hönd fatlaðs fólks og aldraðra, aðila vinnumarkaðarins, fyrirtækja sem fást við gerð aðgengishugbúnaðar sem tengist vefsetrum og smáforritum fyrir fartæki, og borgaralegs samfélags.
- 50) Fylgjast ætti reglubundið með samræmi við aðgengiskröfurnar, sem settar eru fram í þessari tilskipun. Samhæfð vöktunaraðferð myndi fela í sér lýsingu á hvernig hægt sé að sannreyna, á samræmdum grunni í öllum aðildarríkjunum, í hvaða mæli aðgengiskröfunum sé fylgt eftir, ásamt söfnun dæmigerðra úrtaka og tíðni vöktunar. Aðildarríkin ættu að gefa reglulega skýrslu um útkomu vöktunarinnar og a.m.k. einu sinni um hvaða ráðstafanir eru gerðar vegna beitingar þessarar tilskipunar.
- 51) Framkvæmdastjórnin skal koma á vöktunaraðferð sem ætti að vera gagnsæ, yfirfæranleg, samanburðarhæf og samanburðarnákvæm. Hámarka ætti samanburðarnákvæmni vöktunaraðferðarinnar að teknu tilliti til þeirrar staðreyndar að mannlegir þættir, s.s. notendaprófanir, geta haft áhrif á þá samanburðarnákvæmni. Til að bæta samanburðarhæfi gagna milli aðildarríkjana ætti vöktunaraðferðin að innihalda lýsingu á því með hvaða hætti eigi eða megi leggja fram niðurstöður úr mismunandi prófunum. Til að beina ekki fjármunum frá því verkefni að gera efni aðgengilegra ætti vöktunaraðferðin að vera auðveld í notkun.
- 52) Til að hindra ekki nýsköpun að því er varðar leiðir til að mæla aðgengi vefsetra og smáforrita fyrir fartæki og svo fremi sem það hindrar ekki samanburðarhæfi gagna í öllu Sambandinu, ættu aðildarríkin að geta notað háþróaðri vöktunartækni, sem byggir á þeirri vöktunaraðferð sem framkvæmdastjórnin mun koma á fót.
- 53) Til að komast hjá því að dómsmál séu höfðuð með kerfisbundnum hætti ætti að kveða á um réttinn til að nýta sér fullnægjandi og árangursríka málsmeðferð til að tryggja að farið sé að þessari tilskipun. Þetta hefur ekki áhrif á réttinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns, eins og sett er fram í 47. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi. Líta ætti svo á að þessi málsmeðferð feli í sér réttinn til að leggja fram kærur hjá hverju því landsyfirvaldi sem þegar er til staðar, sem er til þess bært að gera út um slíkar kærur.
- 54) Til að tryggja rétta beitingu á fyrirframætluðu samræmi við aðgengiskröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykka gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti

Evrópusambandsins að því er varðar að breyta þessari tilskipun með því að uppfæra tilvísanir í Evrópustaðal EN 301 549 V1.1.2 (2015-04). Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽¹⁾. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

- 55) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd viðeigandi ákvæða þessarar tilskipunar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Beita ætti rannsóknarmálsmeðferðinni til þess að koma á: tækniforskriftum fyrir aðgengiskröfurnar; aðferðafræði, sem aðildarríkin ættu að nota til að vakta samræmi viðkomandi vefsetra og smáforrita fyrir fartæki við þessar kröfur; fyrirkomulagi við skýrslugjöf aðildarríkjanna til framkvæmdastjórnarinnar um útkomu vöktunarinnar. Beita ætti ráðgjafarnefndarmeðferðinni til að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem komið er á fyrirmynd að yfirlýsingu um aðgengi, sem hafa ekki áhrif á eðli og umfang skyldna sem stafa af þessari tilskipun en þjóna þeim tilgangi að greiða fyrir beitingu þeirra reglna sem hún mælir fyrir um. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽²⁾.
- 56) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að koma á fót samræmdum markaði fyrir aðgengi vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir fartæki, vegna þess að það krefst samræmingar á mismunandi reglum sem nú eru í gildi innan viðkomandi réttarkerfa, en því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Til að bæta starfsemi innri markaðarins miðar þessi tilskipun að því að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna sem varða aðgengiskröfur að því er varðar vefsetur opinberra aðila og smáforrit þeirra fyrir fartæki, þannig að þessi vefsetur og smáforrit verðir aðgengilegri fyrir notendur, þá sérstaklega fötluðu fólk.
2. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur þar sem þess er krafist að aðildarríki tryggi að vefsetur opinberra aðila, óháð því hvaða tæki er notað til að fá aðgang að þeim, og smáforrit þeirra fyrir fartæki uppfylli þær aðgengiskröfur sem settar eru fram í 4. gr.
3. Þessi tilskipun gildir ekki um eftirfarandi vefsetur og smáforrit fyrir fartæki:
 - a) vefsetur og fartækjasmáforrit útvarpsrekenda í almannabágu og dótturfyrirtækja þeirra eða annarra stofnana eða dótturfyrirtækja þeirra sem sinna verkefnum á sviði útvarpsþjónustu í almannabágu,
 - b) vefsetur og fartækjasmáforrit frjálsra félagasamtaka sem veita ekki þjónustur sem eru nauðsynlegar almenningi eða þjónustur sem beinast einkum að þörfum fatlaðs fólks eða eru ætlaðar þeim.
4. Þessi tilskipun gildir ekki um eftirfarandi efni vefsetra og smáforrita fyrir fartæki:
 - a) skráarsnið fyrir skrifstofur, sem gefin eru út fyrir 23. september 2018, nema að þörf sé á slíku efni fyrir virkar stjórnsýslumeðferðir sem varða þau verkefni sem viðkomandi opinberi aðili framkvæmir,
 - b) áður upptekið hljóð- og/eða myndefni, sem hefur verið birt fyrir 23. september 2020,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

- c) hljóð- og/eða myndefni sem er streymt beint,
 - d) kort og kortagerðarþjónusta á Netinu, svo fremi sem nauðsynlegar upplýsingar eru veittar með aðgengilegum stafrænum hætti fyrir kort sem ætluð eru til leiðsögu,
 - e) efni þriðja aðila, sem er hvorki fjármagnað eða þróað af viðkomandi opinberum aðila né undir hans stjórn,
 - f) eftirgerðir muna úr söfnum menningarverðmæta sem ekki er hægt að gera að fullu aðgengilegar vegna þess að:
 - i. aðgengiskröfurnar samrýmast ekki annaðhvort varðveislu viðkomandi munar eða upprunaleika eftirgerðarinnar (t.d. litaskil) eða
 - ii. ekki liggja fyrir sjálfvirkar og kostnaðarhagkvæmar lausnir sem gera það auðvelt að ná í texta handrita eða annarra muna úr söfnum menningarverðmæta og breyta í efni sem samrýmist kröfunum um aðgengi,
 - g) efni gestaneta og innri neta, þ.e.a.s. vefsetur sem eru einungis tiltæk lokuðum hópi fólks og ekki almenningi sem slíkum, gefin út fyrir 23. september 2019, þar til slík vefsetur gangast undir verulega endurskoðun,
 - h) efni vefsetra og smáforrita fyrir fartæki sem teljast til skjalasafna, sem þýðir að þau innihalda einungis efni sem er hvorki nauðsynlegt fyrir virka stjórnsýslumeðferð né uppfært eða breytt eftir 23. september 2019.
5. Aðildarríki geta útilokað vefsetur og fartækjaforrit skóla, leikskóla eða dagheimila frá beitingu þessarar tilskipunar, að undanskildu efni þeirra sem varðar mikilvæga umsluþjónustu á Netinu.

2. gr.

Lágmarkssamræming

Aðildarríkjunum er heimilt að viðhalda eða innleiða ráðstafanir, í samræmi við lög Sambandsins, sem ganga lengra en lágmarkskröfurnar, sem komið er á með þessari tilskipun, um aðgengi vefsetra og smáforrita fyrir fartæki.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „opinber aðili“: ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvald, aðilar sem heyra undir opinberan rétt, eins og er skilgreint í 4. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/24/ESB, eða samtök sem mynduð eru af einu eða fleiri slíkum yfirvöldum eða einum eða fleiri slíkum aðilum sem heyra undir opinberan rétt, ef þau samtök eru stofnuð í þeim tiltekna tilgangi að mæta þörfum í almannapágu, sem eru ekki iðnaðar- eða viðskiptalegs eðlis,
- 2) „smáforrit fyrir fartæki“: notkunarhugbúnaður sem er hannaður og þróaður af eða fyrir hönd opinberra aðila, til notkunar fyrir almenning á fartækjum eins og snjallsímum eða spjaldtölvum; það nær ekki til hugbúnaðarins sem stýrir þessum tækjum (stýrikerfi fartækja) eða vélbúnaði,
- 3) „staðall“: staðall, eins og hann er skilgreindur í 1. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012,
- 4) „Evrópustaðall“: evrópskur staðall, eins og hann er skilgreindur í b-lið 1. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012,
- 5) „samhæfður staðall“: samhæfður staðall, eins og hann er skilgreindur í c-lið 1. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012,
- 6) „hljóð- og/eða myndefni“ (e. *time-based media*): efni af eftirfarandi gerð: aðeins hljóðefni, aðeins myndefni, hljóð- og myndefni, gagnvirk hljóð- og/eða myndefni,

- 7) „munir úr söfnum menningarverðmæta“: munir í eigu hins opinbera eða í einkaeigu sem hafa sögulega, listræna, fornfræðilega, fagurfræðilega, vísindalega eða tæknilega þýðingu og sem eru hluti af safni, sem menningarstofnanir eins og bókasöfn, skjalasöfn og minjasöfn varðveita,
- 8) „gögn úr mælingum“: megindlegar niðurstöður úr vöktunarstarfseminni sem gerð er til að sannreyna að vefsetur opinberra aðila og smáforrit þeirra fyrir fartæki uppfylli aðgengiskröfurnar sem settar eru fram í 4. gr. Gögnin ná til bæði megindlegra upplýsinga um það úrtak af vefsetrum og smáforritum fyrir fartæki sem prófuð voru (fjöldi vefsetra og smáforrita, hugsanlega með fjölda gesta eða notenda, o.s.frv.) og megindlegra upplýsinga um aðgengisstig.

4. gr.

Kröfur um aðengi vefsetra og smáforrita fyrir fartæki

Aðildarríkin skulu tryggja að opinberir aðilar geri nauðsynlegar ráðstafanir til að gera vefsetur þeirra og smáforrit fyrir fartæki aðgengilegri með því að gera þau skynjanleg, nothæf, skiljanleg og traust.

5. gr.

Óhófleg byrði

1. Aðildarríkin skulu tryggja að opinberir aðilar beiti aðgengiskröfunum, sem settar eru fram í 4. gr., að því marki sem þær kröfur verði opinberum aðilum ekki óhófleg byrði að því er varðar þá grein.
2. Til að meta að hve miklu leyti hlítni við aðgengiskröfurnar, sem settar eru fram í 4. gr., hefur í för með sér óhóflega byrði skulu aðildarríkin tryggja að viðkomandi opinber aðili taki tillit til aðstæðna sem máli skipta, þ.m.t. eftirfarandi:
 - a) stærð, auðlindir og eðli viðkomandi opinbers aðila, og
 - b) áætlaðan kostnað og ávinning fyrir viðkomandi opinberan aðila í tengslum við áætlaðan ávinning fyrir fatlað fólk, að teknu tilliti til þess hve oft og hve lengi tiltekin vefsetur og smáforrit fyrir fartæki eru notuð.
3. Með fyrirvara um 1. mgr. þessarar greinar skal viðkomandi opinber aðili framkvæma frummat á því að hve miklu leyti hlítni við aðgengiskröfurnar, sem settar eru fram í 4. gr., hefur í för með sér óhóflega byrði.
4. Þegar opinber aðili nýtir sér undanþáguna, sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir tiltekið vefsetur eða smáforrit fyrir fartæki, eftir að hafa framkvæmt mat eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skal aðilinn útskýra í yfirlýsingunni um aðengi, sem um getur í 7. gr., hvaða hluta aðgengiskrafanna var ekki hægt að uppfylla og skal, eftir því sem við á, veita aðgengilega valmöguleika.

6. gr.

Fyrirframætlað samræmi við aðgengiskröfurnar

1. Ætla skal fyrirfram að efni vefsetra og smáforrita fyrir fartæki, sem er í samræmi við samhæfða staðla eða hluta þeirra og framkvæmdastjórnin hefur birt tilvísanir í þá í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1025/2012, sé í samræmi við aðgengiskröfurnar sem settar eru fram í 4. gr. og sem falla undir þessa staðla eða hluta þeirra.
2. Ef ekki hafa verið birtar tilvísanir í samhæfðu staðlana, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal ætla fyrirfram að efni smáforrita fyrir fartæki, sem uppfyllir tækniforskriftirnar eða hluta þeirra, sé í samræmi við aðgengiskröfurnar sem settar eru fram í 4. gr. og sem falla undir þessar tækniforskriftir eða hluta þeirra.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem komið er á fót tækniforskriftunum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Þessar tækniforskriftir skulu uppfylla aðgengiskröfurnar, sem settar eru fram í 4. gr., og skulu a.m.k. tryggja aðgengisstig sem jafngildir því stigi sem tryggt er með Evrópustaðli EN 301 549 V1.1.2 (2015-04).

Framkvæmdargerðirnar, sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr. Ef ekki hafa verið birtar neinar tilvísanir í samhæfðu staðlana, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal fyrsta slíka framkvæmdargerðin samþykkt eigi síðar en 23. desember 2018.

3. Ef ekki hafa verið birtar tilvísanir í samhæfðu staðlana, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal ætla fyrirfram að efni vefsetra, sem uppfyllir viðeigandi kröfur í Evrópustaðli EN 301 549 V1.1.2 (2015-04) eða hluta hans, sé í samræmi við aðgengiskröfurnar, sem settar eru fram í 4. gr. og sem falla undir þessar viðeigandi kröfur eða hluta þeirra.

Ef ekki hafa verið birtar tilvísanir í samhæfðu staðlana, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, og ef tækniforskriftirnar, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, liggja ekki fyrir, skal ætla fyrirfram að efni smáforrita fyrir fartæki, sem uppfyllir viðeigandi kröfur í Evrópustaðli EN 301 549 V1.1.2 (2015-04) eða hluta hans, sé í samræmi við aðgengiskröfurnar sem settar eru fram í 4. gr. og sem falla undir þessar viðeigandi kröfur eða hluta þeirra.

4. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 10. gr. til þess að breyta 3. mgr. þessarar greinar með því að uppfæra tilvísunina í Evrópustaðal EN 301 549 V1.1.2 (2015-04) þannig að vísað sé til nýrri útgáfu þess staðals, eða til Evrópustaðals sem kemur í stað þess, ef þessi útgáfa eða staðall uppfyllir aðgengiskröfurnar sem settar eru fram í 4. gr. og tryggir a.m.k. aðgengisstig sem jafngildir því stigi sem tryggt er með Evrópustaðli EN 301 549 V1.1.2 (2015-04).

7. gr.

Viðbótarráðstafanir

1. Aðildarríkin skulu tryggja að opinberir aðilar leggi fram og uppfæri reglulega ítarlega, nákvæma og skýra yfirlýsingu um aðgengi að því er varðar hlítu vefsetra þeirra og smáforrita fyrir fartæki við kröfur þessarar tilskipunar.

Hvað varðar vefsetur skal yfirlýsingin um aðgengi lögð fram á aðgengilegu formi með notkun fyrirmyndar að yfirlýsingu um aðgengi, sem um getur í 2. mgr., og skal hún birt á viðkomandi vefsetri.

Hvað varðar smáforrit fyrir fartæki skal yfirlýsingin um aðgengi lögð fram á aðgengilegu formi með notkun fyrirmyndar að yfirlýsingu um aðgengi, sem um getur í 2. mgr., og skal hún vera aðgengileg á vefsetri þess opinbera aðila sem þróaði viðkomandi smáforrit fyrir fartæki, eða með öðrum upplýsingum sem eru aðgengilegar þegar forritinu er halað niður.

Í yfirlýsingunni skal eftirfarandi koma fram:

- a) útskýring á þeim hlutum efnisins sem eru ekki aðgengilegir og ástæður fyrir þeim óaðgengileika og, eftir því sem við á, þá aðgengilegu valmöguleika sem í boði eru,
- b) lýsing á og tengill að endurgjafarkerfinu, sem gerir hverjum einstaklingi kleift að láta viðkomandi opinberan aðila vita af hvers konar vanefndum gagnvart aðgengiskröfum, sem settar eru fram í 4. gr., á vefsetri eða smáforriti þeirra fyrir fartæki og til að biðja um upplýsingar, sem undanskildar eru skv. 4 mgr. 1. gr. og 5. gr., og
- c) tengill að framfylgdarmálsmeðferðinni sem sett er fram í 9. gr. og sem grípa má til ef óviðunandi svör fást við tilkynningunni eða beiðninni.

Aðildarríki skulu tryggja að opinberir aðilar veiti viðunandi svör við tilkynningu eða beiðni innan hæfilegs tíma.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem komið er á fót fyrirmynd að yfirlýsingu um aðgengi. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrstu framkvæmdargerðina eigi síðar en 23. desember 2018.

3. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að greiða fyrir beitingu á þeim aðgengiskröfum sem settar eru fram í 4. gr. á aðrar tegundir vefsetra eða smáforrita fyrir fartæki, að frátöldum þeim sem um getur í 2. mgr. 1. gr., og sérstaklega á vefsetur eða smáforrit fyrir fartæki sem falla undir gildandi landslög um aðgengi.
4. Aðildarríkin skulu stuðla að og greiða fyrir þjálfunaráætlunum varðandi aðgengi vefsetra og smáforrita fyrir fartæki fyrir viðeigandi hagsmunaaðila og starfsfólk opinberra aðila, sem eru hannaðar til þess að veita þeim þjálfun í að búa til, stjórna og uppfæra aðgengilegt efni vefsetra og smáforrita fyrir fartæki.
5. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að auka vitund um aðgengiskröfurnar, sem settar eru fram í 4. gr., um ávinning þeirra fyrir notendur og eigendur vefsetra og smáforrita fyrir fartæki, ásamt möguleikanum á að veita endurgjöld ef um er að ræða vanefndir gagnvart kröfum þessarar tilskipunar, eins og sett er fram í þessari grein.
6. Að því er varðar vöktunina og skýrslugjöfina, sem um getur í 8. gr., skal framkvæmdastjórnin greiða fyrir samstarfi á vettvangi Sambandsins milli aðildarríkjanna og milli aðildarríkja og viðeigandi hagsmunaaðila, í því skyni að skiptast á bestu starfsvenjum og til að endurskoða vöktunaraðferðina, sem um getur í 2. mgr. 8. gr., markaðs- og tækniþróun og framfarir að því er varðar aðgengi vefsetra og smáforrita fyrir fartæki.

8. gr.

Vöktun og skýrslugjöf

1. Aðildarríki skulu reglulega vakta hvort að vefsetur opinberra aðila og smáforrit þeirra fyrir fartæki uppfylli aðgengiskröfurnar, sem settar eru fram í 4. gr., á grundvelli vöktunaraðferðarinnar sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar.
2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem sett er fram aðferð til að vakta samræmi vefsetra og smáforrita fyrir fartæki við aðgengiskröfurnar sem settar eru fram í 4. gr. Sú aðferð skal vera gagnsæ, yfirferanleg, samanburðarhæf, samanburðarnákvæm og auðveld í notkun. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrstu framkvæmdargerðina eigi síðar en 23. desember 2018.
3. Vöktunaraðferðin, sem um getur í 2. mgr., má taka tillit til sérfræðigreiningar og skal innihalda:
 - a) upplýsingar um vöktunartíðni sem og úrtök úr vefsetrum og smáforritum fyrir fartæki sem sæta vöktun,
 - b) að því er varðar vefsetur, úrtök úr vefsíðum og efni þeirra síðna,
 - c) að því er varðar smáforrit fyrir fartæki, það efni sem verður prófað, að teknu tilliti til tímupunktsins sem forritið var fyrst gefið út og til síðari uppfærslna á virkni,
 - d) lýsingu á hvernig eigi að sýna með fullnægjandi hætti fram á hlítu við eða vanefndir gagnvart aðgengiskröfunum, sem settar eru fram í 4. gr., með beinni tilvísun, ef við á, til viðeigandi lýsinga í samhæfða staðlinum eða, ef hann er ekki fyrir hendi, í tækniforskriftunum, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., eða í Evrópustaðlinum, sem um getur í 3. mgr. 6. gr.,
 - e) ef annmarkar koma í ljós, kerfi til að veita gögn og upplýsingar um hlítu við aðgengiskröfurnar, sem settar eru fram í 4. gr., á formi sem opinberir aðilar geta notað til að ráða bót á þeim annmörkum, og
 - f) viðeigandi fyrirkomulag, þ.m.t. dæmi og leiðbeiningar, ef nauðsyn krefur, fyrir sjálfvirkar og handvirkar prófanir og fyrir prófanir á notendavænleika, ásamt lýsingu á því hvernig útfæra eigi úrtöku þannig að hún samrýmist tíðni vöktunar og skýrslugjafar.
4. Eigi síðar en 23. desember 2021 og á þriggja ára fresti eftir það skulu aðildarríkin leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um niðurstöðu vöktunarinnar, þ.m.t. gögnin úr mælingum. Skýrslan skal samin á grundvelli fyrirkomulagsins við skýrslugjöf, sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar. Í skýrslunni skulu einnig vera upplýsingar um beitingu framfylgdarmálsmeðferðarinnar sem sett er fram í 9. gr.

5. Í tengslum við þær ráðstafanir sem samþykktar eru skv. 7. gr. skal fyrsta skýrslan einnig ná yfir eftirfarandi:
- lýsingu á þeim kerfum sem aðildarríkin setja upp til að hafa samráð við viðkomandi hagsmunaaðila um aðgengi vefsetra og smáforrita fyrir fartæki,
 - verklagsreglur fyrir opinbera birtingu á hvers kyns þróun á aðgengisstefnu varðandi vefsetur og smáforrit fyrir fartæki,
 - reynslu af og niðurstöður úr framkvæmd reglnanna um samræmi við aðgengiskröfurnar sem settar eru fram í 4. gr. og
 - upplýsingar um starfsemi varðandi þjálfun og vitundarvakningu.

Ef gerðar hafa verið umtalsverðar breytingar í tengslum við þættina sem um getur í fyrstu undirgrein skulu aðildarríkin setja upplýsingar um slíkar breytingar í skýrslur sínar sem á eftir koma.

6. Innihald allra skýrslanna, sem þurfa ekki að innihalda lista yfir vefsetur, smáforrit fyrir fartæki eða opinbera aðila sem teknir voru til meðferðar, skal birt opinberlega á aðgengilegu formi. Framkvæmdastjórnin skal samþykka framkvæmdargerðir þar sem komið er á fót fyrirkomulagi við skýrslugjöf aðildarríkjanna til framkvæmdastjórnarinnar. Samþykka skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr. Framkvæmdastjórnin skal samþykka fyrstu framkvæmdargerðina eigi síðar en 23. desember 2018.

7. Eigi síðar en 23. september 2018 skulu aðildarríkin upplýsa framkvæmdastjórnina um þann aðila sem tilnefndur er til að framkvæma vöktunina og sjá um skýrslugjöfina.

9. gr.

Framfylgdarmálsmeðferð

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að til staðar sé fullnægjandi og árangursrík framfylgdarmálsmeðferð til að tryggja að farið sé að þessari tilskipun, í tengslum við kröfurnar sem settar eru fram í 4., 5. gr. og 7. gr. (1. mgr.) Aðildarríkin skulu einkum sjá til þess að fyrir hendi sé framfylgdarmálsmeðferð, t.d. möguleiki á að hafa samband við umboðsmann, til að tryggja skilvirka meðferð á mótteknum tilkynningum eða beiðnum, eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 7. gr., og til að rýna matið sem um getur í 5. gr.

2. Eigi síðar en 23. september 2018 skulu aðildarríkin upplýsa framkvæmdastjórnina um þann aðila sem ber ábyrgð á framfylgd þessarar tilskipunar.

10. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykka framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald um óákveðinn tíma frá 23. júní 2017 til að samþykka framseldu gerðirnar, sem um getur í 4. mgr. 6. gr.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 4. mgr. 6. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4. mgr. 6. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

11. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

12. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 23. september 2018. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.
3. Aðildarríki skulu beita þessum ákvæðum sem hér segir:
 - a) að því er varðar vefsetur opinberra aðila sem höfðu ekki verið birt fyrir 23. september 2018: frá og með 23. september 2019,
 - b) að því er varðar vefsetur opinberra aðila sem falla ekki undir a-lið: frá og með 23. september 2020,
 - c) að því er varðar smáforrit opinberra aðila fyrir fartæki: frá og með 23. júní 2021.

13. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal framkvæma endurskoðun á beitingu þessarar tilskipunar eigi síðar en 23. júní 2022. Við endurskoðunina skal taka tillit til skýrslna aðildarríkjanna um útkomu vöktunarinnar, sem kveðið er á um í 8. gr., og um beitingu framfylgdarmálsmeðferðarinnar, sem kveðið er á um í 9. gr. Hún skal einnig fela í sér endurskoðun á tækniframförum sem geta auðveldað aðgengi að sumu efni sem fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar. Niðurstöður þeirrar endurskoðunar skal birt opinberlega á aðgengilegu formi.

14. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 26. október 2016.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

I. LESAY

forseti.
